

Fundargerð

10. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 31. janúar kl. 9:30-11:30

Mættir aðalmenn:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eyþórsdóttir, Ríkhart Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Jón Viðar Jónmundsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Snorri Baldursson.

Varamaður: Þorsteinn Tómasson sat einnig fundinn.

1. Samþykkt dagskrár

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskráin samþykkt. Emma ritaði fundargerð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 9. fundi var samþykkt án athugasemda.

3. Staða mála frá síðasta fundi

Formaður gerði grein fyrir þeim málum sem nefndinni hafa borist frá síðasta fundi og afgreidd hafa verið milli funda. Skilað hefur verið skýrslu um störf nefndarinnar árið 2007 og heimilaðar lokagreiðslur styrkja þar sem lokaskýrslum hefur verið skilað. Veittur var styrkur (kr. 150 þús.) til kaupa á tölvubúnaði til Bændasamtaka Íslands vegna þátttöku í verkefninu EFABIS-net um uppbyggingu og aðgang að gagnagrunnum fyrir búfjáarkyn. Fram kom að hugbúnaður vegna verkefnisins hefur verið settur upp en eftir er að þýða hluta hans á íslensku. Ritað var bréf (ásamt fleiri aðilum) til héraðsdýralæknis Norðurlands og leitað eftir undanþágu til flutnings á geitum vegna niðurskurðar geitahjarðar á Hofsósi. Undanþágu var hafnað.

4. Uppgjör 2007 og áætlun 2008

Formaður lagði fram uppgjör ársins 2007 ásamt drögum að áætlun fyrir 2008. Einnig lagt fram rekstaryfirlit fyrir tímabilið 2003-2008 þar sem gengið var út frá drögum fyrir 2008. Alls eru til ráðstöfunar kr. 7.014.744 fyrir árið 2008 en þar við bætast kr. 2.557.150 sem þegar verið ráðstafað í styrki og/eða samninga um verkefni en ekki hafa verið greiddar út. Nokkuð er um að lokagreiðslur styrkja dragist þegar skýrslum er ekki skilað og rætt var um hvort afskrifa ætti slíkar greiðslur að ákveðnum tíma liðnum. Engin ákvörðun tekin nú. Drög að áætlun fyrir 2008 gera ráð fyrir kr. 1.600 þús. í stofnverndarframlag til geitfjárræktar og kr. 3.000 þús. í nýja styrki. Samkvæmt rekstaryfirliti gengur jafnt og þétt á sjóð erfðanefndar enda ekki markmið starfsins að safna í sjóð. Verkefni sem nefndin hefur styrkt hafa í langflestum tilfellum skilað gagnlegum niðurstöðum og stuðlað að varðveislu erfðauðlinda. *Áætlun fyrir 2008 var samþykkt.*

5. Starfsáætlun erfðanefndar – staða.

Ríkhart Brynjólfsson, sem hefur unnið að gerð starfsáætlunar fyrir EL fór yfir aðalatriði hennar á fundinum. Enn vantar kafla um tré og skóga en hann er í vinnslu hjá Aðalsteini. Í þessu samhengi var nokkuð rætt um starfssvið nefndarinnar og hvar ætti að draga mörk milli landbúnaðar og villtrar náttúru. Rétt væri að skilgreina verksviðið nánar í stefnumörkun nefndarinnar. *Nefndarmenn voru beðnir að fara vandlega yfir textann varðandi sitt fagsvið og skila athugasemdum og breytingatillögum fyrir 1. mars.*

6. Umsögn um drög að reglugerð.

Óskað hefur verið eftir umsögn EL um drög að reglugerð um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Samþykkt var eftirfarandi umsögn:

Óskað var eftir umsögn erfðanefndar landbúnaðarins um umrædd drög með bréfi frá 16. janúar s.l. Nefndin hefur fjallað um drögin og vill kom eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

- *Nefndin gerir sér grein fyrir því að drögin byggjast á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 201/18 /EB og að þar með sé Ísland skuldbundið til þess að setja reglugerð hér um þetta efni.*
- *Hér er um umdeildan málaflökk að ræða sem lýtur mjög ströngu eftirliti af hálfu stjórnvalda víða um heim. Reglur Evrópusambandsins eru með þeimn ströngustu sem þekkjast.*
- *Nýting erfðataekni í landbúnaði býður upp á mikla möguleika. Nefndin vill því hvetja til þess að framkvæmd reglugerðarinnar hér á landi verði ekki gerð þyngr í vöfum en tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins gefur tilefni til.*
- *Einnig vill nefndin vekja athygli á því að markmiðslýsing íslensku reglugerðarinnar er ekki í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 201/18/EB.*

7. Erindi um bann við refarækt á Íslandi

Erindi barst frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti þar sem óskað er eftir að EL fjalli um þetta mál. Eftirfarandi svar var samþykkt:

Óskað er umsagnar erfðanefndar um erindi frá Páli Hersteinssyni til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þar sem þess er óskað að refarækt verði bönnuð á Íslandi. Í rökstuðningi er rakin sérstaða íslensku tófunnar sem erfðahóps sem hefur einangrast hér í margar aldir og skýrt frá innblöndun innfluttra refa sem sleppa úr refabúum.

Verksvið erfðanefndar samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998 og reglugerð um varðveislu og nýtingu erfðaaudlinda í landbúnaði nr. 151/2005, nær til nytjategunda plantna og dýra en varðar ekki villtar tegundir sem ekki eru nytjaðar. Engar nytjar eru af villtum tófum og verður að teljast fremur ólíklegt að svo muni verða í framtíðinni. Því telur nefndin ekki tilefni til að fjalla sérstaklega um þetta erindi.

8. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni.

Snorri Baldursson gerði grein fyrir stöðu þessa máls. Stefnumörkunin er enn í vinnslu og núverandi drög höfðu verði send til nefndarinnar með fundargögnum. EL hefur ekki skilað formlegum athugasemdum. Fram kom að tilvísanir vantar í textann til starfsemi erfðanefndar landbúnaðarins og einnig var bent á að geta þurfi um sjálfbæra nýtingu nytjategunda jafnframt varðveislu. Áslaugu og Emmu var falið að gera tillögur að athugasemdum um þessi atriði.

9. Ályktun um úttekt og samræmingu á lögum og reglugerðum um innflutning og dreifingu vatnalífvera.

Tekið upp frá síðasta fundi. Guðni Guðbergsson lagði fram tillögu að ályktun sem var samþykkt svohljóðandi:

Erfðanefnd landbúnaðarins lýsir áhyggjum sínum af innflutningi fiska og annarra lífvera sem ætlaðar eru í fiskabúr og útítjarnir. Færst hefur í vöxt að hingað til lands séu fluttar tegundir sem aðlagðar eru að köldu umhverfi og gætu lifað í íslenskri náttúru. Þær takmarkanir sem nú eru í gildi beinast eingöngu að því sem snýr að vörnum gegn sjúkdómum.

Nefndin telur að þörf sé heildstæðri úttekt og samræmingu á lögum og reglugerðum um innflutning og dreifingu tegunda sem mögulega geta lifað hér á landi og haft áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra tegunda, líffræðilega fjölbreytni og náttúruauðlindir landsins. Úttektin þarf að beinast að eftirfarandi lögum og reglugerðum:

- 1. Lög um náttúruvernd 44/1999, 41. grein og reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Sambærilega reglugerð vantar fyrir innflutning dýra.*
- 2. Lög um innflutning dýra 54/1990, 2. gr.*
- 3. Lög um varnir gegn fisksjúkdómum 60/2006, II. Kafli.*
- 4. Lög um dýrasjúkdóma 25/1993, 11. gr.*

Ályktunin verður send til sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

10. Alþjóðlegt samstarf

Áslaug skýrði frá endurskipulagningu norrænu genbankanna undir nýja stofnun, NordGen sem tók til starfa í ársbyrjun. Reiknað er með að starfsemin skiptist áfram eftir svipuðum línunum og áður í plöntur, skóg og búfé. Fyrirkomulag starfseminnar hefur ekki verið fullmótað enn. Ný stjórn hefur verið skipuð. Fulltrúi Íslands er Þorsteinn Tómasson og varamaður hans er Áslaug Helgadóttir.

Snorri sagði frá fundi Vísinda- og tækninefndar CBD sem verður í febrúar. Fyrirhuguð er endurskoðun kafla um landbúnað á þessu ári. Þorsteinn Tómasson er fulltrúi Íslands á þessum vettvangi.

11. Önnur mál

- a) Umsögn vegna innflutnings á Tyrkjadúfum – erindi frá landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

Umsögn vegna erindis um heimild til innflutnings á Tyrkjadúfum (Streptopelia risori). Um er að ræða fuglategund sem eingöngu þrífst í búraeldi og munu þegar vera fáeinir fugla af tegundinni til í landinu. Engar líkur á því að þessi tegund geti blandist innlendum alifuglategundum. Erfðanefnd landbúnaðarins leggst því ekki gegn því að innflutningur verði heimilaður enda séu önnur lögformleg skilyrði uppfyllt.

- b) Tillaga til þingsályktunar um eflingu íslenska geitastofnsins, lögð fram til kynningar. Ákveðið að óska eftir því að EL fái tillöguna til umsagnar.
- c) Heimasíða EL. Áslaug reifaði hugmynd um að EL fái sérstaka heimasíðu hjá LbhÍ. Hugmyndinni vel tekið

- d) Hugmynd um 'erfðaauðlindasetur'. Áslaug reifaði hugmyndina lauslega í fundarlok. Setrið gæti sinnt málum EL og tengdum verkum auk þess að halda utan um alþjóðasamstarf á þessu sviði og myndi styrkja starfsemina í sessi.

12. Næsti fundur

Næsti fundur er áformaður í maí 2008 eftir að umsóknir um styrki hafa borist og verður boðaður sérstaklega.